

Bæjarstjórn - 1922

FUNDARBOÐ

**1922. fundur bæjarstjórnar Hafnarfjarðar
verður haldinn í fundarsal bæjarstjórnar Hafnarborg, mánudaginn 4.
desember 2023 og hefst kl. 14:00**

Dagskrá:

Almenn erindi

- 1. 2311350 - Straumhella 5, umsókn um lóð**
6.liður úr fundargerð bæjarráðs frá 30.nóvember sl.
Lagð fram umsókn KB Verk ehf. um lóðina nr. 5 við Straumhelli.

Samþykkt og vísað til bæjarstjórnar til staðfestingar.
- 2. 2208659 - Fjárhagsáætlun Hafnarfjarðarkaupstaðar og fyrirtækja hans 2023 og 2024-2026**
2.liður úr fundargerð bæjarráðs frá 30.nóvember sl.
Lagður fram viðauki II. Helga Benediktsdóttir sviðsstjóri fjármálasviðs mætir til fundarins.

Bæjarráð samþykkir framlagðan viðauka og vísar í bæjarstjórn til staðfestingar.
- 3. 1502214 - Markaðsstofa Hafnarfjarðar**
Sjálfstæðisflokkur og Framsókn leggja fram eftirfarandi tillögu:
Bæjarstjórn samþykkir að samningur við Markaðsstofu Hafnarfjarðar hækki um 1,2 milljónir króna á árinu 2024 og að gerður verði tveggja ára samningur við félagið.
Tillögunni verði vísað til viðaukagerðar ársins 2024
- 4. 2312031 - Frístundastyrkur**
Sjálfstæðisflokkur og Framsókn leggja fram eftirfarandi tillögu:

Bæjarstjórn samþykkir að frístundastyrkir til barna á aldrinum 6 til 18 ára verði hækkaðir um 5,6% og hækki úr 54.000 krónum í 57.000 krónur frá og með 1. janúar 2024.
Tillögunni verði vísað til viðaukagerðar ársins 2024.
- 5. 2307268 - Hringhamar 43, hjúkrunarheimili og heilsugæsla, tilboð**
Fulltrúar Samfylkingarinnar leggja fram eftirfarandi tillögu:

Bæjarstjórn Hafnarfjarðar samþykkir að setja á stofn fimm manna starfshóp kjörinna fulltrúa, sem njóti stuðnings og aðstoðar sviðsstjóra fjölskyldusviðs, framkvæmdasviðs og stjórnsýslusviðs. Verkefni hópsins, er að halda áfram viðræðum við Sóltún, heilbrigðisráðuneyti, sjúkratryggingar ríkisins og aðra hagaðila verkefnisins. Starfshópurinn hafi samráð við aðra aðila, svo sem Öldungaráð og aðra þá sem geta miðlað þekkingu og sjónarmiðum í málinu. Starfshópurinn skili áfangaskýrslu og tillögum um verkefnið, s.s. varðandi aðferðafræði, fjármögnun og tímaramma um þessa mikilvægu uppbyggingu og rekstur. Fyrsti áfangi starfshópsins liggja fyrir eigi síðar en 1. mars næstkomandi.

Greinargerð:

Á síðasta kjörtímabili var samþykkt af öllum flokkum í bæjarstjórn Hafnarfjarðar að heilsugæslu og hjúkrunarheimili skyldi rísa í Hamranesi. Þetta var samþykkt á fundi bæjarstjórnar þann 23. júní 2021 og bæjarstjórn fól bæjarstjóra að fylgja málinu eftir. Auglýst var eftir áhugasömum aðilum til þess að koma að uppbyggingu og rekstri hjúkrunarheimilis og heilsugæslu og var Sóltún eini aðilinn sem sendi bænum erindi vegna auglýsingarinnar. Viðræður við Sóltún og aðra hagaðila eru ekki langt á veg komnar. Nú liggur fyrir að stefnt er að því að heilsugæslu verði fundinn annar vettvangur á Völlunum, þannig að verkefnið er bygging og rekstur hjúkrunarheimilis með fjölþættri stoðþjónustu. Hluti þeirrar stoðþjónustu yrði innt af hendi af hálfu Hafnarfjarðarbæjar. Mikilvægt er að halda þeirri þverpólítísku samstöðu sem verið hefur um málið og koma viðræðum við Sóltún, heilbrigðisráðuneytið, Sjúkratryggingar ríkisins og aðra hagaðila verkefnisins í formlegan farveg með aðkomu meiri- og minnihluta í bæjarstjórn. Hér er um gríðarstórt og mikilvægt málefni að ræða fyrir íbúa áðurnefndra hverfa í Hafnarfirði og þess vegna leggja fulltrúar jafnaðarfólks í bæjarstjórn fram þessa tillögu um formlegan samstarfsvettvang bæjarstjórnar.

6. 2303899 - Biðlistar eftir félagslegum íbúðum í Hafnarfirði

Fulltrúar Samfylkingarinnar leggja fram eftirfarandi tillögu:

Bæjarstjórn Hafnarfjarðar samþykkir að mikilvægt sé að leitað verði leiða til þess að hraða fjölgun félagslegra íbúða í eigu Hafnarfjarðar. Mikilvægt er að Hafnarfjörður setji sér skýra stefnu í málaflokknum til framtíðar þar sem markmiðið er að fjölga um 15 íbúðir á ári í kerfinu á næstu fimm árum. Í því skyni verður settur á fót starfshópur skipaður fimm kjörnum fulltrúum sem hafi það verkefni að leita leiða til þess að ná áðurnefndu markmiði og leggja fram tillögur þar að lútandi. Með starfshópnum vinni sviðsstjóri umhverfis- og skipulagssviðs og sviðsstjóri fjölskyldu- og barnamálasviðs.

Greinargerð:

Á undanförunum árum hefur félagslegum íbúðum fjölgað hægt hjá Hafnarfjarðarbæ. Það kallar á kraftmeiri fjárfestingu í kerfinu. Árið 2023 hafa verið keyptar tvær íbúðir inn í kerfið og í greinargerð með fjárhagsáætlun kemur fram að til standi að kaupa tvær íbúðir af Íbúðalánasjóði í desember á þessu ári. Biðlistar eftir félagslegu húsnæði eru langir og margt fólk þar í mikilli neyð. Þess vegna er nauðsynlegt að fjölga markvisst félagslegum íbúðum sveitarfélagsins og setja aukinn kraft í þetta mikilvæga verkefni.

7. 2301427 - Opnun Bláfjallavegar

Bæjarstjórn Hafnarfjarðar undirstrikar enn og aftur mikilvægi Bláfjallavegar sem

tengingar Hafnafirðinga og Suðurnesjabúa að skíðasvæðinu í Bláfjöllum og einnig er vegurinn mikilvæg öryggisleið ef vá steðjar að. Heimild til lokunar var veitt tímabundið og allnokkrum sinnum hefur bæjarstjórn bókað um opnun vegarins, en ekkert hefur gerst. Kallað verði hið allra fyrsta eftir raunstöðu málsins og hvar málið er státt af hálfu veghaldarar, Vegagerð ríkisins og öðrum þeim sem komið hafa að málinu, svo sem SSH og Heilbrigðiseftirlitinu.

8. 2206161 - Íbúðir fyrir eldra fólk

Bæjarstjórn Hafnarfjarðar samþykkir að settur verði á fót starfshópur á næsta ári sem hafi það verkefni að vinna að undirbúningi uppbyggingar á íbúðum fyrir eldra fólk. Bæjarráð setji hópnum erindisbréf og skipi hópinn í upphafi næsta árs.

Greinargerð:

Í ályktun landsfundar Landssambands eldri borgara um húsnæðismál segir að mikilvægt sé að taka mið af fjölgun eldra fólks við uppbyggingu íbúðarhúsnæðis og gera því mögulegt að búa lengur í sjálfstæðri búsetu. Ennfremur þar sem því er beint til sveitarfélaga að þau tryggi uppbyggingu húsnæðis og þjónustu fyrir eldra fólk við skipulagningu nýrra byggingasvæða. Í ljósi þessa og mikillar eftirspurnar eftir hentugu húsnæði telja fulltrúar Samfylkingarinnar brýnt að sett verði í forgang að finna lóðir sem hentar þessum hópi. Langt er síðan íbúðir fyrir eldra fólk voru byggðar í Hafnafirði og það er því löngu tímabært að hefjast handa við undirbúning og skipulagningu á uppbyggingu slíkra íbúða.

9. 1512242 - Heimþjónusta, heimahjúkrun

Bæjarfulltrúar Samfylkingarinnar leggja fram eftirfarandi tillögu:

Bæjarstjórn Hafnarfjarðar felur bæjarstjóra að óska eftir viðræðum við heilbrigðisráðuneytið um samþættingu heimahjúkrunar og félagslegrar heimþjónustu í Hafnafirði.

Greinargerð:

Mikilvægt er að leita allra leiða til þess að bæta og styrkja þá nærþjónustu sem hið opinbera veitir íbúum bæjarins. Oft hefur umræða farið fram um hvort hægt sé að styrkja hvoru tveggja heimahjúkrun, sem er á hendi ríkisins og félagslega heimþjónustu, sem er á hendi sveitarfélaganna með aukinn samþættingu. Ýmis tilraunaverkefni í þessa veru hafa átt sér stað t.d. á Akureyri með góðum árangri. Nýverið var því hafnað að Hafnarfjarðarbæ yrði hluti af tilraunaverkefni af þessum toga. Það breytir ekki því að mikilvægt er að ná samningi við ríkisvaldið og Heilsugæslu höfuðborgarsvæðisins um eflingu þjónustunnar, sem samþætting þessara þjónustupátta mun sannarlega hafa í för með sér. Nú hefur Reykjavík með samningi við heilbrigðisráðuneytið tekið að sér að reka stóran hluta heimahjúkrunar fyrir ríkið. Mikilvægt er að Hafnarfjörður taki frumkvæði í þessum mikilvæga velferðarmáli og taki forystu þegar kemur að því að efla og bæta nærþjónustuna fyrir íbúa Hafnarfjarðar.

10. 2212001 - Málefni bókasafns Hafnarfjarðar

Bæjarfulltrúar Samfylkingarinnar leggja fram eftirfarandi tillögu:

Bæjarstjórn Hafnarfjarðar samþykkir að settur verði á stofn fimm manna starfshópur, sem hafi það verkefni að undirbúa flutning Bókasafns Hafnarfjarðar

Í hið nýja húsnæði við Fjarðargötu. Starfshópurinn fylgi eftir og gangi frá samkomulagi við verkaðila og eigendur að verslunarmiðstöðinni Firði um hlut Hafnarfjarðarbæjar í nýbyggingunni, sem tekin var skóflustunga að þann 29. nóvember 2022. Framkvæmdir eru þannig vel á veg komnar og verklok eru áformuð seint á næsta ári. Fyrir liggur viljayfirlýsing bæjar og eigenda/framkvæmdaaðila um að hlut Hafnarfjarðarbæjar í hinu nýja húsnæði; um 1500fm sem verði hið nýja Bókasafn Hafnarfjarðar. Mikilvægt er að undirbúningur þessa stórverkefnis hefjist nú þegar.

Starfshópurinn hafi náið samstarf við menningar- og ferðamálanefnd og aðra hagaðila í starfi sínu.

Greinargerð:

Ljóst er að nú þegar þarf að ramma af og undirbúa til fullnustu byggingu nýs Bókasafns Hafnarfjarðar. Í fjárhagsáætlun Hafnarfjarðarbæjar er ekki gert ráð fyrir neinum fjárhæðum í verkefnið en gert ráð fyrir er ráð fyrir 382 milljónum í tekjur af sölu á Strandgötu 1. Því er brýnt að hefjast handa nú þegar að hefja undirbúning framkvæmdarinnar, m.t.t. kostnaðargreiningar, leigu eða kaup á nýju húsnæði og aðra þætti sem sem nauðsynlegt er að gaumgæfa. Til að flýta þeirri grunnvinnu verði skipaður starfshópur til þess að undirbúa og vinna málið.

11. 1811300 - Uppbygging á hagkvæmu húsnæði

Bæjarfulltrúar Samfylkingarinnar leggja fram eftirfarandi tillögu:

Bæjarstjórn Hafnarfjarðar leggja til að stofnaður verði starfshópur sem hefur það markmið að finna leiðir til að mæta fyrirsjáanlegum samdrætti í uppbyggingu íbúðarhúsnæðis, þá sérstaklega hvað varðar framboð fjölbýlishúsalóða, þar sem m.a. verði unnt að mæta óskum félagasamtaka á borð við samtök aldraða og stúdenta, svo dæmi séu nefnd. Horfa skal í því sambandi til rammaáætlunar ríkis og sveitarfélaga um uppbyggingu íbúða á hagkvæmu verði. Samkomulag sem brýnt er að koma í höfn hið allra fyrsta.

12. 2004440 - Hreinsunarátak, iðnaðar- og nýbyggingarsvæði

Bæjarfulltrúar Samfylkingarinnar leggja fram eftirfarandi tillögu:

Bæjarstjórn Hafnarfjarðar samþykkir að farið verði í átak í hreinsun á iðnaðar- og nýbyggingarsvæðum. Mikilvægt er fyrir uppbygging atvinnulífs hér sem annars staðar sé snyrtilegt og umgengni góð. Sama má segja um nýbyggingarsvæði bæjarins eða þar sem framkvæmdir eru í byggðum hverfum. Snyrtilegt umhverfi bætir ímynd bæjarins sem verður eftirsóknarverðara sem valkostur fyrir rekstraraðila og íbúa bæjarins.

13. 2312015 - Aðstoð við ungt fólk sem ekki er í vinnu, námi eða starfsþjálfun

Bæjarfulltrúar Samfylkingarinnar leggja fram eftirfarandi tillögu:

Bæjarstjórn samþykkir að settur verði á fót starfshópur skipaður fimm kjörnum fulltrúum sem hafi það verkefni að útfæra með hvaða hætti Hafnarfjörður kemur best til móts við ungt fólk sem ekki er í vinnu, námi eða starfsþjálfun, NEET. Hópurinn skal móta tillögur um skipulag aðstoðarinnar og hvar henni er best komið innan stjórnslu bæjarins. Starfshópurinn vinni með sviðsstjóra mennta- og lýðheilsusviðs, sviðsstjóra fjölskyldu- og barnamálasviðs og deildarstjóra

ungmennahúsa. Ungmennaráð skipar einn fulltrúa í starfshópinn.

Greinargerð:

Sú þróun hefur átt sér stað á undanförunum áratugum að dregið hefur úr atvinnuþátttöku ungmenna víðast hvar í nágrennaríkjum okkar. Samhliða því hefur orðið fjölgun í hópi ungmenna sem stunda hvorki nám né atvinnu (NEET). Hið sama gildir um Ísland. Margt bendir til þess að ákveðnir bakgrunnspættir hafi áhrif á það hvort ákveðin ungmenni séu líklegri til þess en önnur að lenda í þessari stöðu. Vísbendingar eru t.d. um að börn og ungmenni af erlendum uppruna séu líklegri til þess að tilheyra NEET hópnum umfram aðra hópa. Mikilvægt er að grípa þennan hóp ungmenna eins fljótt og mögulegt er með markvissum og skilvirkum aðferðum til þess að valdefla þau og aðstoða til sjálfshjálpar.

14. 2312017 - Vistvænar byggingar

Bæjarfulltrúar Samfylkingarinnar leggja fram eftirfarandi tillögu:

Bæjarstjórn Hafnarfjarðar samþykkir að áfram verði unnið að því að innleiða hvata til að hvetja framkvæmdaraðila til að draga úr umhverfisáhrifum framkvæmda og minnka kolefnisspori hvort heldur sem nýbyggingar, viðgerðir eða endurbætur á eldra húsnæði. Þetta á við um atvinnuhúsnæði, íbúðarhúsnæði, skrifstofur og frístundahúsnæði og framkvæmdir á vegum bæjarins. Ávinningurinn af því er mikill t.d. sporna hnattrænni hlýnun, verndar heilsu þeirra sem koma að verkinu á framkvæmdartíma og þeirra sem nota bygginguna eftir að hún er tekin í notkun

15. 2312018 - Reykjanesbraut frá Lækjargötu að Álftanesvegi

Bæjarfulltrúar Samfylkingarinnar leggja fram eftirfarandi tillögu:

Bæjarstjórn Hafnarfjarðar samþykkir að áfram verði unnið að því í samstarfi við Vegagerðina að finna framtíðarlausn á vegkaflanum Reykjanesbrautar Lækjargötu-Álftanesveg. Umferðarpungi er mikill og umferðartalningar sýna að umferðin eykst með hverju árinu með fjölgun íbúa á Suðurnesjum og höfuðborgarsvæðinu og auknum ferðamannastraumi. Vegabætur heyra undir samgöngusáttmála höfuðborgarsvæðisins 2025-2028 og brýnt er að vinna hefjist sem fyrst að finna viðunandi lausn á þungri umferð og tilheyrandi töfum sem liggur í gegnum bæinn. Mikilvægt er að tímasetningar standist samkvæmt samgöngusáttmála hvað þennan vegkafla áhrærir.

16. 2312022 - Útivistar- og almenningssvæði á Völlunum

Bæjarfulltrúar Samfylkingarinnar leggja fram eftirfarandi tillögu:

Bæjarstjórn Hafnarfjarðar samþykkir hafin verði vinna við skipulag Vallanna vegna útivistar og almenningssvæðis á Völlunum samanber tillögur starfshóps þess efnis sem var að störfum vorið 2022. Einnig að áfram verði unnið að grænkun Vallanna.

17. 2312024 - Skilvirkni og styttri biðtími, tillögur og erindi, úttekt

Bæjarfulltrúar Samfylkingarinnar leggja fram eftirfarandi tillögu:

Bæjarstjórn Hafnarfjarðar samþykkir að gerð verði úttekt á afgreiðslutíma tillagna og erinda hjá Hafnarfjarðarbæ til að finna leiðir til úrbóta til að auka skilvirkni og stytta afgreiðslutíma tillaganna og erinda.

18. 2312020 - Óttarsstaðir, skipulag

Bæjarfulltrúar Samfylkingarinnar leggja fram eftirfarandi tillögu:

Bæjarstjórn Hafnarfjarðar samþykkir að hafin verði vinna við skipulag Óttarstaða vestan við Straumsvíkur í samvinnu við landeigendur. Í aðalskipulagi Hafnarfjarðar er það merkt sem óskipulagt svæði. Aukin eftirspurn eftir íbúðar- og atvinnuhúsalóðum og grænum svæðum og stækkandi byggð kallar á nauðsyn þess að hafin sé vinna við að móta framtíðarsýn svæðisins með gerð skipulags í samstarfi við íbúa og aðra hagaðila.

Fundargerðir

19. 2301126 - Fundargerðir 2023, til kynningar í bæjarstjórn

Fundargerð bæjarráðs frá 30.nóvember sl.

- a. Fundargerð hafnarstjórnar frá 15.nóvember sl.
 - b. Fundargerð heilbrigðisnefndar Garðabæjar, Hafnarfjarðar, Kópavogs, Mosfellsbæjar og Seltjarnarness frá 27.nóvember sl.
 - c. Fundargerð menningar- og ferðamálanefnar frá 22.nóvember sl.
 - d. Fundargerð stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga frá 12.nóvember sl.
 - e. Fundargerð aðalfundar SSH og fundargerð ársfundar byggðasamlaganna frá 10.nóvember sl.
 - f. Fundargerð Samtaka stjórnar orkusveitarfélaga frá 22.nóvember sl.
- Fundargerð fræðsluráðs frá 29.nóvember sl.
- a. Fundargerð Íþrótt- og tómstundanefndar frá 21.nóvember sl.
- Fundargerð umhverfis- og framkvæmdaráðs frá 29.nóvember sl.
- Fundargerð fjölskylduráðs frá 28.nóvember sl.
- Fundargerð forsetanefndar frá 1.desember sl.

Áætlanir og ársreikningar

20. 2308876 - Fjárhagsáætlun Hafnarfjarðarkaupstaðar og fyrirtækja hans 2024 og 2025-2027, síðari umræða

- 7.liður úr fundargerð bæjarráðs frá 30.nóvember sl.
- 20.liður úr fundargerð bæjarráðs frá 16.nóvember sl.
- 11.liður úr fundargerð bæjarstjórnar frá 8.nóvember sl.
- 1.liður úr fundargerð bæjarráðs frá 31.október sl.

Lögð fram fjárhagsáætlun Hafnarfjarðarkaupstaðar og fyrirtækja hans fyrir 2024 og langtímaáætlun 2025-2027.

Lagðar fram gjaldskrár Hafnarfjarðarkaupstaðar 2024.

Helga Benediktsdóttir sviðsstjóri fjármálasviðs og Guðmundur Sverrisson rekstrarstjóri hagdeildar mæta til fundarins.

Bæjarráð vísar fyrirliggjandi tillögu að fjárhagsáætlun Hafnarfjarðarkaupstaðar og fyrirtækja hans 2024 og 2025-2027 til fyrri umræðu í bæjarstjórn.

Til máls taka Valdimar Víðisson einnig Guðmundur Árni Stefánsson. Valdimar kemur til andsvars sem Guðmundur Árni svarar.

Þá tekur Jón Ingi Hákonarson og leggur fram svohljóðandi tillögur að viðbótum við fjárhagsáætlun:

Tillögur Viðreisnar vegna fjárhagsáætlunar 2024

Fræðsluráð

Að taka frá fjármagn til að fara í markvissa vinnu er snýr að skólamáltíðum.

Nú er samningurinn við fyrirtækið sem sér um þessa þjónustu í dag á tímamótum og gjaldskráin hefur hækkað umtalsvert á skömmum tíma. Hæst er umræðan í grunnskólum. Kallað hefur eftir endurskoðun á skólamáltíðum bæjarins, bæði frá fulltrúa Viðreisnar og um að þessi mál verði endurskoðuð með fjölbreytni í huga og skoðaðar nýjar leiðir. Því óskum við eftir því að settur verður á laggirnar starfshópur um skólamáltíðir. Í starfshópnum séu kjörnir fulltrúar frá öllum flokkum, starfsmaður frá sviðinu, fulltrúi frá ungmennaráði, og fulltrúi starfsmanna grunnskóla, kennara og skólastjórnenda og fulltrúi frá foreldraráði. Starfshópnum verði falið að kynna sér hvernig máltíðum er háttað í nærliggjandi sveitafélögum. Geti kallað eftir tölulegum gögnum. Fá upplýsingar um fjölbreyttar útfærslur að útboði. Geti unnið vel að tillögum fyrir skóla Hafnarfjarðarbæjar. Tillögurnar verði svo kynntar fyrir fræðsluráð. Einnig verði kannað hvort og hvar væri hægt að koma upp eldhúsi í skólum Hafnarfjarðar, líkt og í Áslandsskóla út frá kostnaði, gæðum matarins og matarsóun.

Að fjölga sálfræðingum í grunnskólum bæjarins um einn

Að frístudnarstyrkir hækki í takt við vísitöluhækkunar

Að frístundaakstur bæjarins verði útvíkkaður til eldri aldurshópa með niðurgreiðslu á árskortum í strætó.

Í dag er frístundabíllinn undir tómsundum og því hluta til í þessu ráði. Því leggur fulltrúi Viðreisnar til að í Fjárhagsáætlun Fræðsluráðs verði skoðaðar leiðir til þess að fjármagna niðurgreiðslu árskorta barna og ungmenna í strætó. Það sé bæði ávinningur fyrir strætó, til þess að halda áfram að geta þjónustað og ýtir undir að framtíðarkynslóðir nýti sér almenningsamgöngur.

Hugmyndir um vinnuskóla Hafnarfjarðar og stefna í þeim málum sé endurskoðuð með fjölbreytni í huga.

Markmiðið sé að mæta ungmennum sem eru að taka sín fyrstu skref á íslenska vinnumarkaðnum. Setti verði starfshópur á laggirnar til að endurskoða stefnu vinnuskólans. Hægt er að nýta sér niðurstöðu vinnuhóps Hafnarfjarðarbæjar sem skilaði af sér fyrir um 3- 4 árum.

Umhverfis og framkvæmdaráð

Að sett verði aukið fjármagn til að mæta uppsafnaðri viðhaldsþörf hjá grunn- og leikskólum bæjarins

Áherslu á að nauðsynlegt fjármagn verði tryggt til að bæta loftgæði og hljóðvist

ásamt því að bæta og laga grunn- og leikskólalóðir

Fjölskylduráð

Viðreisn leggja það til að fyrirhuguðum hækkunum á gjaldskrá bæjarins sé stillt í hóf. Þessar hækkanir munu leggjast einkar hart á Hafnfirðinga í því vaxta- og verðbólguumhverfi sem við búum við í dag og höfum gert undanfarnar vikur og mánuði

Skipulags og byggingarráð

Fulltrúi Viðreisnar leggur til að lagt verði fjármagn í það verkefni að auka skilvirkni og gæði í skipulagsvinnu og byggingareftirliti. Meðal þátta sem vert er að kanna eru: Hvort möguleikar séu til einföldunar á skipulagsferlum. Hvort hægt er að auka sjálfvirkni í afgreiðslu erinda varðandi skipulag og byggingarleyfi með breyttum verkefnastjórnunaraðferðum og aukinni notkun stafrænnar tækni. Hvort hægt er að innleiða stafrænar lausnir á borð við gervigreind og stór-gagnagreiningar við skipulagsgerð m.a. við mat á þörf á innviðaupbyggingu fyrir ný hverfi og mat á umhverfisáhrifum mismunandi skipulagskosta. Hvort hægt er að nota fyrrnefndar stafrænar lausnir við áhættumat og skipulag eftirlits með mannvirkjagerð. Auk þess verði kannaðir möguleikar á þáttöku í samevrópskum skipulagsverkefnum s.s. URBACT verkefnum um sjálfbæra byggðapróun og Smart City verkefnum. Æskilegt væri að ráðstafa allt að 10 milljónum í þetta verkefni á árinu 2024.

Bæjarráð

Viðreisn leggur til að bæjarráð samþykki með formlegum hætti það að gatnagerðargjöld verði ekki bókfærð sem rekstrartekjur heldur séu dregin frá fjárfestingarlið eins og öll önnur sveitarfélög gera.

Viðreisn leggur til hækkun framlaga til Markaðsstofu Hafnarfjarðar þannig að hægt verði að vera með framkvæmdastjóra í fullu starfi.

Til andsvars kemur Kristín María Thoroddsen. Jón Ingi svarar andsvari. Kristín María kemur til andsvars öðru sinni sem Jón Ingi svarar.

Þá tekur Kristín Thoroddsen til máls.

Þá tekur Árni Rúnar Þorvaldsson til máls og leggur fram svohljóðandi tillögur að viðbótum við fjárhagsáætlun:

Tillögur Samfylkingarinnar við fyrri umræðu fjárhagsáætlunar 2024

1. Uppbygging heilsugæslu og hjúkrunarheimilis í Hamranesi

Fulltrúar Samfylkingarinnar leggja fram eftirfarandi tillögu:

Bæjarstjórn Hafnarfjarðar samþykkir að setja á stofn fimm manna starfshóp kjörinna fulltrúa, sem njóti stuðnings og aðstoðar sviðsstjóra fjölskyldusviðs, framkvæmdasviðs og stjórnsýslusviðs. Verkefni hópsins, er að halda áfram viðræðum við Sóltún, heilbrigðisráðuneyti, sjúkratryggingar ríkisins og aðra hagaðila verkefnisins. Starfshópurinn hafi samráð við aðra aðila, svo sem

Öldungaráð og aðra þá sem geta miðlað þekkingu og sjónarmiðum í málinu. Starfshópurinn skili áfangaskýrslu og tillögum um verkefnið, s.s. varðandi aðferðafræði, fjármögnun og tímaramma um þessa mikilvægu uppbyggingu og rekstur. Fyrsti áfangi starfshópsins liggja fyrir eigi síðar en 1. mars næstkomandi.

Bæjarstjórn samþykkir að vísa málinu til umfjöllunar í Fjölskylduráði, Umhverfis og framkvæmdaráði og bæjarráði milli fyrri og síðari umræðu fjárhagsáætlunar og komi til afgreiðslu í bæjarstjórn á fundi hennar 4. desember n.k. Auk þess verði tillagan send til umsagnar Öldungaráðs og Félags eldri borgara.

Greinargerð:

Á síðasta kjörtímabili var samþykkt af öllum flokkum í bæjarstjórn Hafnarfjarðar að heilsugæslu og hjúkunarheimili skyldi rísa í Hamranesi. Þetta var samþykkt á fundi bæjarstjórnar þann 23. júní 2021 og bæjarstjórn fól bæjarstjóra að fylgja málinu eftir. Auglýst var eftir áhugasömum aðilum til þess að koma að uppbyggingu og rekstri hjúkunarheimilis og heilsugæslu og var Sóltún eini aðilinn sem sendi bænum erindi vegna auglýsingarinnar. Viðræður við Sóltún og aðra hagaðila eru ekki langt á veg komnar. Mikilvægt er að halda þeirri þverpólítísku samstöðu sem verið hefur um málið og koma viðræðum við Sóltún, heilbrigðisráðuneytið, Sjúkratryggingar ríkisins og aðra hagaðila verkefnisins í formlegan farveg með aðkomu meiri- og minnihluta í bæjarstjórn. Hér er um gríðarstórt og mikilvægt málefni að ræða fyrir íbúa áðurnefndra hverfa í Hafnarfirði og þess vegna leggja fulltrúar jafnaðarfólks í bæjarstjórn fram þessa tillögu um formlegan samstarfsvettvang bæjarstjórnar.

2. Samþætting heimahjúkunar og félagslegrar heimaþjónustu

Bæjarfulltrúar Samfylkingarinnar leggja fram eftirfarandi tillögu:

Bæjarstjórn Hafnarfjarðar felur bæjarstjóra að óska eftir viðræðum við heilbrigðisráðuneytið um samþættingu heimahjúkunar og félagslegrar heimaþjónustu í Hafnarfirði.

Lagt til að tillagan fari til umfjöllunar og umsagnar í fjölskylduráði og bæjarráði, Öldungaráði, Félagi eldri borgara, verkefnisstjórn hjúkunarheimilisins á Sólvangi og stjórn Sólvangs.

Greinargerð:

Mikilvægt er að leita allra leiða til þess að bæta og styrkja þá nærþjónustu sem hið opinbera veitir íbúum bæjarins. Oft hefur umræða farið fram um hvort hægt sé að styrkja hvoru tveggja heimahjúkrun, sem er á hendi ríkisins og félagslega heimaþjónustu, sem er á hendi sveitarfélaganna með aukinn samþættingu. Ýmis tilraunaverkefni í þessa veru hafa átt sér stað t.d. á Akureyri með góðum árangri. Nú hefur Reykjavík með samningi við heilbrigðisráðuneytið tekið að sér að reka stóran hluta heimahjúkunar fyrir ríkið. Mikilvægt er að Hafnarfjörður taki frumkvæði í þessum mikilvæga velferðarmáli og taki forystu þegar kemur að því að efla og bæta nærþjónustuna fyrir íbúa Hafnarfjarðar.

3. Bókasafn

Bæjarfulltrúar Samfylkingarinnar leggja fram eftirfarandi tillögu:

Bæjarstjórn Hafnarfjarðar samþykkir að settur verði á stofn fimm manna starfshópur, sem hafi það verkefni að undirbúa flutning Bókasafns Hafnarfjarðar

Í hið nýja húsnæði við Fjarðargötu. Starfshópurinn fylgi eftir og gangi frá samkomulagi við verkaðila og eigendur að verslunarmiðstöðinni Firði um hlut Hafnarfjarðarbæjar í nýbyggingunni, sem tekin var skóflustunga að þann þann 29. nóvember 2022. Framkvæmdir eru þannig vel á veg komnar og verklok eru áformuð seint á næsta ári. Fyrir liggur viljayfirlýsing bæjar og eigenda/framkvæmdaaðila um að hlut Hafnarfjarðarbæjar í hinu nýja húsnæði; um 1500fm sem verði hið nýja Bókasafn Hafnarfjarðar. Mikilvægt er að undirbúningur þessa stórverkefnis hefjist nú þegar.

Tillagan fari til umsagnar í menningar- og ferðamálanefnd og bæjarráði milli fyrri og síðari umræðu um fjárhagsáætlun.

Greinargerð:

Ljóst er að nú þegar þarf að ramma af og undirbúa til fullnustu byggingu nýs Bókasafns Hafnarfjarðar. Í fjárhagsáætlun Hafnarfjarðarbæjar er ekki gert ráð fyrir neinum fjárhæðum í verkefnið en gert ráð fyrir er ráð fyrir 382 milljónum í tekjur af sölu á Strandgötu 1. Því er brýnt að hefjast handa nú þegar að hefja undirbúning framkvæmdarinnar, m.t.t. kostnaðargreiningar, leigu eða kaup á nýju húsnæði og aðra þætti sem sem nauðsynlegt er að gaumgæfa. Til að flýta þeirri grunnvinnu verði skipaður starfshópur til þess að undirbúa og vinna málið.

4. Opinn kynningarfundur - íbúafundur um fjárhagsáætlun 2024 og þriggja ára áætlun

Bæjarfulltrúar Samfylkingarinnar leggja fram eftirfarandi tillögu:

Bæjarstjórn Hafnarfjarðar samþykkir að á milli fyrri og síðari umræðu í bæjarstjórn verði haldinn opinn kynningarfundur fyrir íbúa þar sem fjárhagsáætlun 2024 og 2025-2027 verður kynnt fyrir íbúum.

Greinargerð:

Virkt íbúalýðræði á að vera í öndvegi við stjórnun sveitarfélagsins. Það er mikilvægt að íbúar hafi fjölbreytt tækifæri til þess að kynnast starfsemi sveitarfélagsins og möguleika til þess að koma sínum sjónarmiðum á framfæri milliliðalaust við bæjarstjórn og stjórnendur bæjarfélagsins. Fjárhagsáætlun er mikilvægasta stefnumótunartæki þess meirihluta sem situr hverju sinni. Því er mikilvægt að bæjarbúar fái góða og ítarlega kynningu á þeirri stefnumótun sem þar er að finna og hafi tækifæri til þess að leggja fram spurningar og koma með athugasemdir.

5. Gjaldskrá vegna skólamáltíða

Bæjarfulltrúar Samfylkingarinnar leggja fram eftirfarandi tillögu:

Bæjarstjórn Hafnarfjarðar samþykkir að hlutdeild Hafnarfjarðarbæjar vegna skólamáltíða í leik - og grunnskólum verði hækkuð þannig að kostnaðarhlutdeild bæjarins verði 50% frá og með 1. janúar 2024.

Tillagan fari til umsagnar í Fræðsluráði, bæjarráði, Foreldraráði Hafnarfjarðar, Leiskólaráði Hafnarfjarðar og hjá skólastjórnendum milli umræðna um fjárhagsáætlun.

Greinargerð:

Sú ákvörðun meirihluta Framsóknar- og Sjálfstæðisflokks að hækka gjaldskrá

notenda vegna skólamáltíða í grunnskólum um 33% og um 19% í leikskólum frá og með 1. nóv. sl. bitnar verst á þeim sem búa við kröppustu kjörin í samfélaginu. Bæjarfulltrúar Samfylkingarinnar greiddu atkvæði gegn þessari ákvörðun í bæjarstjórn. Foreldraráð Hafnarfjarðar hefur mótmælt þessari hækkun harðlega og telur að þessi mikla hækkun yti undir ójafnræði milli barna og að hún sé á skjön við Barnasáttmála Sameinuðu Þjóðanna og lög um farsæld. Það er því brýnt að meirihluti Framsóknar- og Sjálfstæðisflokks endurskoði þessa ákvörðun og dragi hana til baka. Vernda verður barnafjölskyldur í bænum gegn þessari miklu hækkun á gjaldskrá vegna skólamáltíða.

Guðmundur Árni tekur til máls. Tekur einnig til máls undir fundarstjórn forseta.

Forseti leggur næst til að fyrirliggjandi fjárhagsáætlun ásamt framlögðum tillögum að viðbótum verði vísað til þeirra ráða og nefnda sem við á. Er það samþykkt samhljóða.

Einnig leggur forseti til að síðari umræða um fjárhagsáætlun fari fram 4. desember nk.

Umræður um tillögur.

Fulltrúar Samfylkingarinnar leggja fram eftirfarandi bókun:

Vegna fjárhagsáætlunar Hafnarfjarðarbæjar 2024 og 2025, 2026.

Eftirfarandi spurningum er vísað til hlutaðeigandi aðila í stjórnkerfi Hafnarfjarðarbæjar og óskað svara hið fyrsta, amk. viku fyrir síðari umræðu fjárhagsáætlunar 4. desember.

1. Hver er hækkun fasteignaskatta og lóðaleigu (sundurliðað) á íbúðarhúsnæði /atvinnuhúsnæði (sundurliðað) í Hafnarfirði frá desember 2022 til desember 2023, í prósentuvís og krónum? Og hver verður upphæðin og hækkunin í desember 2024 (áætlun) miðað við forsendur fjárhagsáætlunar um 9,9% hækkun álagningar? Með og án aukningar í greiðendahópnum. Hver hefur vísitala neysluverðs verið til samanburðar á ofangreindu tímabili? Hver er krónutöluhækkun á íbúðarhúsnæði sem var í fasteignamati 2021 metin á 50 milljónir króna miðað við ofangreind tímabil og forsendur.? Hvað greiddi viðkomandi greiðandi í desember 2022, desember 2023 og hvað mun hann greiða í desember 2024?

2. Óskað er upplýsingar um er varðar áætlaða fjölgun greiðenda á komandi ári í útsvari og forsendur þar að baki. Einnig um fjölgun greiðenda í fasteignaskatti og forsendur þar að baki.

3. Óskað er sundurliðunar á tekjum vegna gatnagerðargjalda, byggingarréttargjalda og innviðagjalda og forsendum þar að baki, svo sem varðandi hlutfall íbúðarlóða og atvinnulóða, hvaða svæði er um að ræða í bænum osfrv. Sundurliðun á við árið 2023 og svo skv. áætlun 2024

4. Undirbúningur að nýjum skóla í Hamranesi. Í greinargerð með fjárhagsáætlun á bls.19 segir að "á árinu 2024 verð hafinn undirbúningur að grunnskóla í Hamranesi..." Í sundurliðun fjárfestinga í sömu greinargerð undir heitinu Skólar,

þá er er þetta verkefni ekki skráð. Hvað veldur? Undir safnheitinu er liður sem nefnist, Lagfæringar og uppbygging í skólum að upphæð 337 milljónir króna er þar að finna. Óskað er eftir sundurliðun á þeim lið.

5. Undir safnheitinu, Fasteignaverkefni, óskilgreint, á bls. 57 í greinargerð með fjárhagsáætlun er að finna áætlun um útgjöld á árunum 2025-2028, samtals 1700 milljónir króna. Ekki er gert ráð fyrir útgjöldum á árinu 2024. Hvað er þarna að baki?

6. Í greinargerð bæjarstjóra og bæjaryfirvalda með fjárhagsáætlun segir á bls.28, undir Menningarmál: "Samkomulag við Gaflaraleikhúsið gerir ráð fyrir leikhússtarfsemi með áherslu á sýningar fyrir börn við Víkingastræti....". Er bæjaryfirvöldum ekki kunnugt um það, að húsnæðið var selt á árinu og leikhúsið hefur leitað að nýju húsnæði fyrir starfseminu og óskað aðstoðar bæjaryfirvalda í þeim efnum? Er annars eitthvað að fréttu af vinnu við öflun viðunandi húsnæðis fyrir Gaflaraleikhúsið, sem er án húsnæðis eins og sakir standa?

7. Óskað er greinargerðar frá Húsnæðisskrifstofu varðandi nýtingu fjárheimilda í fjárhagsáætlunum 202 og 2021, hversu margar íbúðir voru keyptar og á hvaða kjörum (áhvílandi lán, ný lán). Hvert er venjubundið verklag við kaup eigna. Eru íbúðir staðgreiddar eða sóst eftir hagkvæmri lántöku, sem leigjendur síðan standa undir með hóflegri leigu? Hverjar eru leigutekjur af útleigu félagslegra íbúða. Hversu mikil lán eru samtals áhvílandi á þeim 247 íbúðum sem eru reknar af Húsnæðisskrifstofu? Í greinargerð með fjárhagsáætlun segir á bls. 49 : "Fasteignamarkaðurinn hefur verið erfiður á þessu ári og lítið framboð af eignum sem hafa hentað Húsnæðisskrifstofunni." Hvernig kemur það heim og saman við gríðarlegt framboð íbúða, en lítil viðskipti á markaði? Hver er framtíðarstefnumörkun Húsnæðisskrifstofu varðandi fjölda íbúða á markaði? Hvernig metur Húsnæðisskrifstofa möguleika sína til að mæta eftirspurn í ljósi biðlista sem telur meira en 200 aðila í brýnni þörf?

Eftirfarandi tillögum Viðreisnar er vísað til afgreiðslu í bæjarstjórn:

1. Viðreisn leggur til að bæjarráð samþykki með formlegum hætti það að gatnagerðargjöld verði ekki bókfærð sem rekstrartekjur heldur séu dregin frá fjárfestingarlið eins og öll önnur sveitarfélög gera.

2. Viðreisn leggur til hækkun framlaga til Markaðsstofu Hafnarfjarðar þannig að hægt verði að vera með framkvæmdastjóra í fullu starfi.

Eftirfarandi tillögum Samfylkingar var vísað til umræðu í bæjarráði:

1. Bæjarstjórn Hafnarfjarðar samþykkir að setja á stofn fimm manna starfshóp kjörinna fulltrúa, sem njóti stuðnings og aðstoðar sviðsstjóra fjölskyldusviðs, framkvæmdasviðs og stjórnsýslusviðs. Verkefni hópsins, er að halda áfram viðræðum við Sóltún, heilbrigðisráðuneyti, sjúkratryggingar ríkisins og aðra hagaðila verkefnisins. Starfshópurinn hafi samráð við aðra aðila, svo sem Öldungaráð og aðra þá sem geta miðlað þekkingu og sjónarmiðum í málinu. Starfshópurinn skili áfangaskýrslu og tillögum um verkefnið, s.s. varðandi aðferðafræði, fjármögnun og tímaramma um þessa mikilvægu uppbyggingu og rekstur. Fyrsti áfangi starfshópsins liggja fyrir eigi síðar en 1. mars næstkomandi. Bæjarstjórn samþykkir að vísa málinu til umfjöllunar í Fjölskylduráði, Umhverfis og framkvæmdaráði og bæjarráði milli fyrri og síðari umræðu fjárhagsáætlunar

og komi til afgreiðslu í bæjarstjórn á fundi hennar 4. desember n.k. Auk þess verði tillagan send til umsagnar Öldungaráðs og Félags eldri borgara.

2. Samþætting heimahjúkrunar og félagslegrar heimaþjónustu

Bæjarstjórn Hafnarfjarðar felur bæjarstjóra að óska eftir viðræðum við heilbrigðisráðuneytið um samþættingu heimahjúkrunar og félagslegrar heimaþjónustu í Hafnarfirði.

Lagt til að tillagan fari til umfjöllunar og umsagnar í fjölskylduráði og bæjarráði, Öldungaráði, Félagi eldri borgara, verkefnisstjórn hjúkrunarheimilisins á Sólvangi og stjórn Sólvangs.

3. Bæjarstjórn Hafnarfjarðar samþykkir að settur verði á stofn fimm manna starfshópur, sem hafi það verkefni að undirbúa flutning Bókasafns Hafnarfjarðar í hið nýja húsnæði við Fjarðargötu. Starfshópurinn fylgi eftir og gangi frá samkomulagi við verkaðila og eigendur að verslunarmiðstöðinni Firði um hlut Hafnarfjarðarbæjar í nýbyggingunni, sem tekin var skóflustunga að þann þann 29. nóvember 2022. Framkvæmdir eru þannig vel á veg komnar og verklok eru áformuð seint á næsta ári. Fyrir liggur viljayfirlýsing bæjar og eigenda/framkvæmdaaðila um að hlut Hafnarfjarðarbæjar í hinu nýja húsnæði; um 1500fm sem verði hið nýja Bókasafn Hafnarfjarðar. Mikilvægt er að undirbúningur þessa stórverkefnis hefjist nú þegar.

Tillagan fari til umsagnar í menningar- og ferðamálanefnd og bæjarráði milli fyrri og síðari umræðu um fjárhagsáætlun. Tillagan fari til umsagnar í menningar- og ferðamálanefnd og bæjarráði milli fyrri og síðari umræðu um fjárhagsáætlun.

Tillögum Samfylkingar vísað til afgreiðslu í bæjarstjórn.

Fulltrúar Samfylkingarinnar óska bókað:

Gerð er alvarleg athugasemd við það, að tillögur Samfylkingarinnar sem lagðar fram á bæjarstjórnarfundum 8. nóvember sl. um nýtt hjúkrunarheimili og samþætting þjónustu vegna heimahjúkrunar og heimilishjálpar skuli ekki hafa verið sendar til umsagnar hjá Öldungaráði og Félagi eldri borgara. Sama gildir um tillögu vegna matarkostnaðar í skólum og leikskólum; hún barst ekki Foreldraráð Hafnarfjarðarbæjar. Í báðum tilfellum var lagt til í tillögunum sjálfum að þær færu þangað til umfjöllunar. Í afgreiðslubæjarstjórnar var samþykkt sú málsmeðferð. Þrátt fyrir eftirfylgni af hendi kjörinna fulltrúa Samfylkingarinnar, þá fór tillagan ekki til nefndra aðila. Það er með ólíkindum og sýnir áhugaleysi og skilningsleysi meirihluta bæjarstjórnar á mikilvægi aðkomu hagaðila og sérfræðinga utan bæjarkerfis. Það skal tekið fram að bæjarfulltrúar Samfylkinginnar sendu síðan í gær erindið beint á nefnda aðila, þegar lá fyrir neitun bæjaryfirvalda á að leita ráðgjafar þessara öflugra hagsmunasamtaka, sem tillagan mælti fyrir um.

Fulltrúar Sjálfstæðisflokks og Framsóknar leggja fram svohljóðandi bókun:

Bæjarstjórn vísaði tillögum varðandi fjárhagsáætlun til ráða og nefnda eins og venja er við vinnslu fjárhagsáætlunar. Þar fer frekari vinnsla og umræða fram, þar sem kjörnir fulltrúar geta fylgt eftir frekari umsögnum og til þess voru gefnar fjórar vikur milli umræðna.

Fulltrúar Samfylkingarinnar óska bókað:

Samþykkt bæjarstjórnar kvað á um það, að nefndar tillögur færu til umfjöllunar í ráðum og nefndum. Öldungarráð, Félag eldri borgara og Foreldraráð

Hafnarfjarðar eru "ráð og nefndir" og því bar að senda þeim nefndar tillögur milliliðalaust. Það var ekki gert þrátt fyrir eftirrekstur. Það er gagnrýnt.

1.liður úr fundargerð fjölskylduráðs frá 28.nóvember sl.
Tillögum ásamt uppfærðri kostnaðaráætlun lagt fram.

Tillögum vegna fjárhagsáætlunar vísað til afgreiðslu í bæjarstjórn.

Meirihluti Framsóknar og Sjálfstæðisflokks bóka:

Afar góð vinna hefur átt sér stað við gerð fjárhagsáætlunar fyrir árið 2024 meðal kjörinna fulltrúa og starfsfólks á Fjölskyldu-og barnamálasviði.

Meirihluti fjölskylduráðs hefur ábyrga fjármálastjórnun að leiðarljósi við gerð fjárhagsáætlunar og leitast jafnframt ávallt við að halda góðu þjónustustigi.

Tillögur meirihlutans sem hafa verið samþykktar eru meðal annars að aukið verður við stöðuhlutfall sálfræðings í barnavernd úr hálfu stöðugildi í heilt. Markmiðið er að veita meiri og markvissari ráðgjöf ásamt meðferðarviðtölum, handleiðslu og fleira.

Þá verður aukið um tvö stöðugildi í heimaþjónustu við eldra fólk.

Einnig verður fjölgað ferðum í akstursþjónustu eldra fólks úr 8 í 16 ferðir. Breyttar verða forsendur um tekjutengingu og kostnað notenda þar sem tekjulágir munu áfram greiða fullt strætógjald en aðrir greiði tvöfalt gjald fyrir ferð.

Þá verður hafin vinna við uppbyggingu á nýjum búsetukjarna fyrir fatlað fólk að Smyrlahrauni.

Við gerð fjárhagsáætlunar 2024 var skoðuð hækkun á gjaldi notanda vegna heimaþjónustu. Þróun síðustu ára hefur verið sá að hlutur sveitafélagsins í kostnaði hefur hækkað umfram hlut notenda til að mæta launahækkunum og hækkun á hráefniskostnaði.

Samþykkt er að gjald verði hækkað um 9.9 % hækkun og áfram verði tekjutenging en vert er að taka fram að tekjuviðmið hækkar einnig sem grípur viðkvæmustu hópana.

Hér er um að ræða nokkrar af tillögum meirihlutans en betur verður gert grein fyrir samþykktum tillögum frá Fjölskylduráði við síðari umræðu vegna fjárhagsáætlunar í bæjarstjórn.

Fulltrúar Samfylkingarinnar leggja fram eftirfarandi bókun:

Fulltrúar Samfylkingarinnar áréttu fyrri bókun sína í fjölskylduráði frá 27.10.2023. Við teljum rétt að stilla gjaldskrárhækkunum í hóf og að þær verði ekki umfram þróun ársverðbólgu, þ.e. tólf mánaða breytingu vísitölu

neysluverðs. Einnig er áréttað mikilvægi þess að hækkuð bóta- og stuðningsgreiðsla verði þær hinar sömu og hækkuð gjaldskrár. Einnig teljum við rétt að nýleg ákvörðun um hækkuð á gjaldskrár vegna skólamáltíða um 33% í grunnskólum og 19% í leikskólum verði endurskoðuð. Á sama tíma hlífir meirihluti Framsóknar- og Sjálfstæðisflokks tekjuhæsta hópi samfélagsins með því að fullnýta ekki útsvarið. Það er sýndarmennska á meðan þjónustugjöld eru hækkuð um tæp 10% og sýndarmennskan birtist hvað skýrast í 9,9% hækkuð fasteignaskatta, þegar verðhjöðnun hefur átt sér stað á fasteignamarkaði. Hafnarfjarðarbær er einfaldlega að hækka álögur á bæjarbúa.

Fulltrúar Samfylkingarinnar leggja áherslu á að félagslegum íbúðum í eigu sveitarfélagsins verði fjölgað á næsta ári. Skortur er á félagslegum íbúðum og fjölgun þeirra er mikilvægur liður í að bregðast við vanda á húsnæðismarkaði.

Því miður hefur samráð við Öldungaráð, ráðgjafaráð í málefnum fólks og fjölmenningsráð bæjarins ekki verið nógu markvisst við gerð þessarar fjárhagsáætlunar og nauðsynlegt að bragarbót verði gerð á því fyrir gerð næstu fjárhagsáætlunar.

Fulltrúar Samfylkingarinnar hafa við gerð fjárhagsáætlunar lagt fram nokkrar skýrar og málefnalegar tillögur sem lúta að því að bæta hag bæjarbúa m.a. um hjúkrunarheimili og heilsugæslu í Hamranesi og á Völlum. Einnig tillögur sem varða samþættingu heimahjúkrunar og heimaþjónustu sem og tillögur varðandi aðstoð við ungmenni í viðkvæmri stöðu og fjölgun félagslegra íbúða.

Ljóst er að snúin sigling er framundan í rekstri bæjarins eins og nýleg niðurstaða árshlutauppgjors bæjarsjóðs sýnir. Nú sem fyrr leggur Samfylkingin áherslu á að staðinn verði vörður um velferðarþjónustu sveitarfélagsins og forgangsraðað í þágu hennar.

Fulltrúi Viðreisnar óskar bókað: Viðreisn vísar í fyrri bókun um málið og ítrekar mikilvægi þess að gjaldskrárhækkunum sé stillt í hof.

9.liður úr fundargerð skipulags- og byggingaráðs frá 16.nóvember sl.
Lögð fram bókun bæjarstjórnar frá 8. nóvember sl.

Meirihluti skipulags- og byggingaráðs bendir á að á síðustu misserum hefur verið unnið að sjálfvirknivæðingu og móttöku umsókna og eyðublaða með rafrænum hætti í nánú samstarfi við þjónustu- og þróunarsvið, HMS og Skipulagsstofnun. Til að mynda er móttaka umsókna um byggingarleyfi og fylgiskjala orðin rafræn. Hins vegar eru enn atriði í meðferð skipulagsmála sem bundin eru í lög og ekki hægt að vinna með öðrum hætti.

Fulltrúi Viðreisnar leggur fram eftirfarandi bókun: Bókun meirihluta um tillöguna bendir til þess að ekki sé vilji til þess að gera frekari úrbætur. Það eru vissulega vonbrigði að meirihlutinn hafi ekki meiri vilja til að nútímavæða vinnubrögð og bæta þjónustu.

Fulltrúar Samfylkingarinnar bóka eftirfarandi:

Gjaldskrárhækkanir

Fulltrúar Samfylkingarinnar leggja áherslu á að þær tillögur sem vísað var til ráða og nefnda við fyrri umræðu um fjárhagsáætlun á 1920. fundi bæjarstjórnar 08.11. sl. fái vandaða og ítarlega umfjöllun á milli umræðna um fjárhagsáætlun

2024 og 2025-2027. Ljóst er að þjónustugjöld, gjaldskrár og álögur á bæjarbúa á að hækka langt umfram áætlaðar verðlagsbreytingar, eða tæp 10%. Það er íþyngjandi fyrir fyrirtæki og einstaklinga sem nýta sér þjónustu framkvæmda- og skipulagssviðs. Óábyrgar gjaldskrárhækkunir eru verðbólguhvetjandi í sjálfu sér. Á sama tíma kalla aðilar vinnumarkaðarins og opinberir aðilar, svo sem Seðlabankinn og ríkisstjórn eftir því að sveitarfélög haldi að sér höndum gagnvart verðlagshækkunum. Því ákalli ætlað meirihlutinn í Hafnarfirði, Sjálfstæðisflokkurinn og Framsóknarflokkurinn, ekki að svara. Á sama tíma hlífir meirihluti Framsóknar- og Sjálfstæðisflokks tekjuhæsta hópi samfélagsins með því að fullnýta ekki útsvarið. Það er sýndarmennska á meðan meirihlutinn fullnýtir heimildir sínar og rúmlega það til að hækka gjaldskrár og þjónustugjöld. Það birtist hvað skýrast í 9,9% hækkun fasteignaskatta, þegar verðhjóðnun hefur átt sér stað á fasteignamarkaði. Hafnarfjarðarbær er einfaldlega að hækka álögur á bæjarbúa.

Tillögur

Vistvænar byggingar

Fulltrúar Samfylkingarinnar leggja til að áfram verði unnið að því að innleiða hvata til að hvetja framkvæmdaraðila til að draga úr umhverfisáhrifum framkvæmda og minnka kolefnisspori hvort heldur sem nýbyggingar, viðgerðir eða endurbætur á eldra húsnæði. Þetta á við um atvinnuhúsnæði, íbúðarhúsnæði, skrifstofur og frístundahúsnæði og framkvæmdir á vegum bæjarins. Ávinningurinn af því er mikill t.d. sporna hnattrænni hlýnun, verndar heilsu þeirra sem koma að verkinu á framkvæmdartíma og þeirra sem nota bygginguna eftir að hún er tekin í notkun

Reykjanesbraut

Fulltrúar Samfylkingarinnar leggja til að hafin verði vinna í samstarfi við Vegagerðina að finna framtíðarlausn á vegakafnaum Reykjanesbrautar Lækjargötu-Álftanesveg. Umferðarpungi er mikill og umferðartalningar sýna að umferðin eykst með hverju árinu með fjölgun íbúa á Suðurnesjum og höfuðborgarsvæðinu og auknum ferðamannastraumi. Vegabætur heyra undir samgöngusáttmála höfuðborgarsvæðisins 2025-2028 og brýnt er að vinna hefjist sem fyrst að finna viðunandi lausn á þungri umferð og tilheyrandi töfum sem liggur í gegnum bæinn.

Óttarsstaðir

Fulltrúar Samfylkingarinnar leggja til að hafin verði vinna við skipulag Óttarstaða vestan við Straumsvíkur í samvinnu við landeigendur. Í aðalskipulagi Hafnarfjarðar er það merkt sem óskipulagt svæði. Aukin eftirspurn eftir íbúðar- og atvinnuhúsalóðum og grænum svæðum og stækkandi byggð kallar á nauðsyn þess að hafin sé vinna við við að móta framtíðarsýn svæðisins með gerð skipulags í samstarfi við íbúa og aðra hagaðila.

Bláfjallavegur

Fulltrúar Samfylkingarinnar minna á mikilvægi Bláfjallavegar sem tengingar Hafnfirðinga og Suðurnesjabúa að skíðasvæðinu í Bláfjöllum og einnig er vegurinn mikilvæg öryggisleið ef vá steðjar að. Heimild til lokunar var veitt tímabundið og all nokkrum sinnum hefur bæjarstjórn bókað um opnun vegarins, en ekkert hefur gerst. Fulltrúar Samfylkingarinnar óska eftir úttekt á stöðu mála og tímaáætlun fyrir opnun vegarins.

Hagkvæmar íbúðir

Fulltrúar Samfylkingarinnar leggja til að stofnaður verði starfshópur sem hefur það markmið að finna leiðir til að mæta fyrirsjáanlegum samdrætti í uppbyggingu íbúðarhúsnæðis og horfi í því sambandi til rammaáætlunar ríkis og sveitarfélaga um uppbyggingu íbúða á hagkvæmu verði.

Hreinsunarátak

Fulltrúar Samfylkingarinnar leggja til að farið verði í áttak í hreinsun á iðnaðar- og nýbyggingarsvæðum. Mikilvægt er fyrir uppbygging atvinnulífs hér sem annars staðar sé snyrtilegt og umgengni góð. Sama má segja um nýbyggingarsvæði bæjarins eða þar sem framkvæmdir eru í byggðum hverfum. Snyrtilegt umhverfi bætir ímynd bæjarins sem verður eftirsóknarverðara sem valkostur fyrir rekstraraðila og íbúa bæjarins.

Útivistar og almenningsvæði

Fulltrúar Samfylkingarinnar leggja til að hafin verði vinna við skipulag Vallanna vegna útivistar og almenningsvæðis á Völlunum samanber tillögur starfshóps þess efnis sem var að störfum vorið 2022. Einnig að áfram verði unnið að grænkun Vallanna.

Skilvirkni og styttri biðtími

Fulltrúar Samfylkingarinnar leggja til að gerð verði úttekt á afgreiðslutíma tillagna og erinda hjá Hafnarfjarðarbæ til að finna leiðir til úrbóta til að auka skilvirkni og stytta afgreiðslutíma tillagana og erinda.

6.liður úr fundargerð fræðsluráðs frá 29.nóvember sl.

Lagðar fram tillögur fulltrúa Samfylkingarinnar, Viðreisnar og Foreldraráðs Hafnarfjarðar.

Tillögur foreldraráðs Hafnarfjarðar

Meirihluti fræðsluráðs fagnar því öflugra foreldrastarfi sem fram fer í Hafnarfirði og þeim tillögum sem ráðinu hefur borist á árinu.

Almenningsvæðing

Að bærinn leiti leiða til að auka aðgengi barna á aldrinum 13 - 18 ára til tómsunda- og íþróttaiðkunar með því að niðurgreiða strætókort fyrir þau sem ekki hafa aðgang að frístundaakstri. Strætó hefur átt undir högg að sækja en með þessu er verið að auka líkurnar á að notendum fjölgi.

Meirihluti fræðsluráðs tekur undir mikilvægi þess að aðgengi barna sé gott að tómsunda- og íþróttaiðkunar en fellst ekki á fyrir sitt leiti tillögu um að niðurgreiða strætókort fyrir 13-18 ára börn og ungmenni.

Skólalóðir

Að farið verði í víðtækar endurbætur og viðhald á skólalóðum bæjarins sem margar þurfa á yfirhalingu að halda og stuðlað verði að samræmi milli skólalóða hvað varðar leiktæki, aðstöðu og leikvelli. Einnig að bætt verði úr lýsingu í og við skóla ásamt eftirliti með myndavélum.

Meirihluti fræðsluráðs vísar til þess að í framkvæmdaáætlun fyrir árið 2024 er gert ráð fyrir fjármagni í endurbætur og viðhald skólalóða. Tillögu þessari er því vísað til sviðsstjóra framkvæmdasviðs.

Betri félagsmiðstöðvar

Að farið verði í vinnu við að bæta aðstöðu félagsmiðstöðva sem þess þurfa til þess að öll börn vilji sækja sína félagsmiðstöð þar sem þær þjóna mikilvægu félagslegu- og forvarnar hlutverki hjá börnum.

Meirihluti fræðsluráðs tekur undir tillögu foreldraráðs grunnskólabarna og bendir á að einmitt í dag, þann 29. nóvember voru samþykktar tillögur frá starfshópi sem unnið hefur á árinu við að bæta enn frekar starf tómskundamiðstöðva.

Mikilvægt er að meta tillögur þegar reynsla er komin á þær en innleiðing hefst á árinu 2024. Megin markmið tillagnanna er að efla starf með börnum og ungmennum á miðstigi og ungingastigi, að stjórnun tómskundamiðstöðva (frístund- og félagsmiðstöðva) verði eflað með það fyrir augum að leggja enn frekari áherslu á forvarnargildi öflugss félagslífs og gildi þess að börn og ungmenni upplifi sig tilheyrja félagsmiðstöð sem horfir til þarfa hvers hóps fyrir sig.

Músík og mótör

Að leitað verði leiða til að Músík og mótör fái betra húsnæði. Um afar mikilvægt starf er að ræða sem hefur fyrir löngu sannað sig. Starfseminna þarf gott og vandað húsnæði með aðgengi fyrir alla sem hentar starfseminni. Það er úrelt hugsun að það sé í lagi að félags- og tómskundastarf unglinga fari fram í lélegu húsnæði.

Meirihluti fræðsluráðs vísar tillögu til skoðunar hjá sviðsstjóra mennta- og lýðheilsusviðs.

Samstarf heimilis og skóla

Að farið verði í áttak í að efla samstarf heimilis og skóla. Á vormánuðum skilaði starfshópur skýrslu með tillögum um aukið samstarf og lágmarksviðmið til að efla samstarf heimilis og skóla. Þar kemur m.a. fram tillaga um að skipa fulltrúa í ákveðnu starfshlutfalli á skólaskrifstofu sem sinnir samstarfi heimilis og skóla. Einnig er ljóst að aukið fjármagn þarf til skólanna og skólaskrifstofu varðandi eflingu foreldrasamstarfs.

Meirihluti fræðsluráðs vísar tillögu til sviðsstjóra mennta- og lýðheilsusviðs þar sem honum er falið að greina þá vinnu sem mennta- og lýðheilsusvið hefur farið í er tengist tillögum frá starfshóp. Í skýrslu sem lögð var fram þegar tillögur voru samþykktar segir: Á skrifstofu mennta- og lýðheilsusviðs skal vera starfsmaður sem er tengill við foreldrafélög og styður við starfsemi þeirra. Tryggja skal að skólastjórnandi skipi tengilið milli heimilis og skóla.

Fulltrúi Viðreisnar og Samfylkingar vilja bóka undir tillögum Foreldraráðs.

Foreldraráð er málsvari foreldra Grunnskólabarna, í því ljósi þá teljum við mikilvægt að þessar raddir fái að heyrast og það sé tekið jákvætt undir þessar tillögur, hvort sem þeim sé komið áfram í hugmyndavinnu, rýndar eða lagt fjármagn í að byrja að vinna að þeim. Hér er um að ræða lýðræðislegar raddir sem verði að fá að heyrast.

Tillögur Samfylkingarinnar

Gjaldskrá vegna skólamáltíða Bæjarfulltrúar Samfylkingarinnar leggja fram eftirfarandi tillögu: Bæjarstjórn Hafnarfjarðar samþykkir að hlutdeild Hafnarfjarðarbæjar vegna skólamáltíða í leik- og grunnskólum verði hækkuð þannig að kostnaðarhlutdeild bæjarins verði 50% frá og með 1. janúar 2024. Tillagan fari til umsagnar í Fræðsluráði, bæjarráði, Foreldraráði Hafnarfjarðar, Leikskólaráði Hafnarfjarðar og hjá skólastjórnendum milli umræðna um fjárhagsáætlun. Greinargerð: Sú ákvörðun meirihluta Framsóknar- og Sjálfstæðisflokks að hækka gjaldskrá notenda vegna skólamáltíða í

grunnskólum um 33% og um 19% í leikskólum frá og með 1. nóv. sl. bitnar verst á þeim sem búa við kröppustu kjörin í samfélaginu. Bæjarfulltrúar Samfylkingarinnar greiddu atkvæði gegn þessari ákvörðun í bæjarstjórn. Foreldraráð Hafnarfjarðar hefur mótmælt þessari hækkun harðlega og telur að þessi mikla hækkun ýti undir ójafnræði milli barna og að hún sé á skjön við Barnasáttmála Sameinuðu Þjóðanna og lög um farsæld. Það er því brýnt að meirihluti Framsóknar- og Sjálfstæðisflokks endurskoði þessa ákvörðun og dragi hana til baka. Vernda verður barnafjölskyldur í bænum gegn þessari miklu hækkun á gjaldskrá vegna skólamáltíða.

Meirihluti fræðsluráðs hafnar tillögu fyrir sitt leiti varðandi breytingu á greiðsluþátttöku vegna skólamáltíða. Meirihluti leggur áherslu á að vinna við nýtt útböð fyrir skólamáltíðir í leik- og grunnskólum er í vinnslu þar sem þjónustupættir og verðlag verður lagt til grundvallar í töku tilboðs og áhersla á að ekki falli frekari hækkunir á barnmargar fjölskyldur. Þá er vakin athygli á því að í Hafnarfirði er systkinaafsláttur nær til barnafjölskyldna með fleiri en eitt barn á heimili.

Tillögur Viðreisnar

Að taka frá fjármagn til að fara í markvissa vinnu er snýr að skólamáltíðum. Nú er samningurinn við fyrirtækið sem sér um þessa þjónustu í dag á tímamótum og gjaldskráin hefur hækkað umtalsvert á skömmum tíma. Hæst er umræðan í grunnskólum. Kallað hefur eftir endurskoðun á skólamáltíðum bæjarins, bæði frá fulltrúa Viðreisnar og um að þessi mál verði endurskoðuð með fjölbreytni í huga og skoðaðar nýjar leiðir. Því óskum við eftir því að settur verður á laggirnar starfshópur um skólamáltíðir. Í starfshópnum séu kjörnir fulltrúar frá öllum flokkum, starfsmaður frá sviðinu, fulltrúi frá ungmennaráði, og fulltrúi starfsmanna grunnskóla, kennara og skólastjórnenda og fulltrúi frá foreldraráði. Starfshópnum verði falið að kynna sér hvernig máltíðum er háttað í nærliggjandi sveitafélögum. Geti kallað eftir tölulegum gögnum. Fá upplýsingar um fjölbreyttar útfærslur að útböði. Geti unnið vel að tillögum fyrir skóla Hafnarfjarðarbæjar. Tillögurnar verði svo kynntar fyrir fræðsluráð. Einnig verði kannað hvort og hvar væri hægt að koma upp eldhúsi í skólum Hafnarfjarðar, líkt og í Áslandsskóla út frá kostnaði, gæðum matarins og matarsóun. Tillaga Viðreisnar sem snýr að skólamat er hafnað þar sem vinna við útböð er þegar hafin.

Að fjölga sálfræðingum í grunnskólum bæjarins um einn.

Meirihluti fræðsluráðs hafnar fyrir sitt leiti tillögu Viðreisnar um fjölgun sálfræðinga og bendir á að þjónusta við börn með sem þurfa frekari stuðning er unnin í gegnum verklag Brúarinnar með áherslu á samþættingu innan og milli kerfa. Óflugt þverfaglegt starf ólíkra sérfræðinga í skólaþjónustu er áhersla á sviðinu í samvinnu við F&B og tilkomu deildar fjölskyldu og skólaþjónustu. Reynt er að halda jafnvægi milli úrræða og leiða í samræmi við stöðumat, þarfir nemenda og skóla í bland við greiningar. Meirihluti fræðsluráðs vekur athygli á því að aðgengi barna að sálfræðingum er ekki hluti af lögbundinni þjónustu grunnskóla.

Frístundastyrkir hækki í takt við vísitöluhækkunir.

Meirihluti fræðsluráðs hafnar tillögu Viðreisnar um hækkun frístundastyrks tengda vísitöluhækkun. Meirihluti fræðsluráðs leggur til að frístundastyrkir verði hækkaðir um 5,6% og hækki því úr 54.000 í 57.000 frá og með ágúst 2024.

Að frístundaakstur bæjarins verði útvíkkaður til eldri aldurshópa með niðurgreiðslu á árskortum í strætó. Í dag er frístundabíllinn undir tómsundum

og því hluta til í þessu ráði. Því leggur fulltrúi Viðreisnar til að í Fjárhagsáætlun Fræðsluráðs verði skoðaðar leiðir til þess að fjármagna niðurgreiðslu árskorta barna og ungmenna í strætó. Það sé bæði ávinningur fyrir strætó, til þess að halda áfram að geta þjónustað og ýtir undir að framtíðarkynslóðir nýti sér almenningsamgöngur.

Meirihluti fræðsluráðs tekur undir mikilvægi þess að aðgengi barna sé gott að tómsunda- og íþróttaiðkunar en fellst ekki á tillögu um að niðurgreiða strætókort fyrir börn og ungmenni.

01.12.2023

Rósa Guðbjartsdóttir bæjarstjóri